

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um gistináttaskatt.

1. *Hversu mikið var innheimt í gistináttaskatt ár hvert 2011–2022, sundurliðað eftir eftirfarandi gististöðum:*
 - a. *Flokkur I: Heimagisting,*
 - b. *Flokkur II: Gististaður án veitinga,*
 - c. *Flokkur III: Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum,*
 - d. *Flokkur IV: Gististaður með áfengisveitingum,*
 - e. *aðrir skattskyldir aðilar samkvæmt lögum nr. 87/2011, um gistináttaskatt?*

Við vinnslu svarsins var leitað til Skattsins með gögn til að svara fyrirspurninni. Skatturinn býr ekki yfir áreiðanlegum gögnum um innheimtu gistináttaskatts sem eru sundurliðuð eftir umbeðnum flokkum. Ráðuneytið hefur því ekki svar við þessum lið fyrirspurnarinnar.

2. *Hversu mikið var innheimt í gistináttaskatt ár hvert 2011–2022, sundurliðað eftir staðsetningu greiðanda:*
 - a. *Reykjavíkurborg,*
 - b. *önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu,*
 - c. *Suðurnes,*
 - d. *Suðurland,*
 - e. *Norðurland eystra,*
 - f. *Norðurland vestra,*
 - g. *Vestfirðir,*
 - h. *Vesturland?*

Óskað er eftir upplýsingum um innheimtu gistináttaskatts fyrir ár hvert 2011–2022. Í svarinu er einungis að finna upplýsingar um fjárhæðir fyrir tímabilið 2012–2020 þar sem lög um gistináttaskatt, nr. 87/2011, tóku gildi í upphafi árs 2012, auk þess sem gistináttaskattur er ekki innheimtur af sölu gistingar á tímabilinu 1. apríl 2020 til og með 31. desember 2023. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna og á verðlagi hvers árs.

Í töflu 1 er að finna upplýsingar um innheimtu gistináttaskatts eftir svæðum og árum. Skatturinn er innheimtumaður á höfuðborgarsvæðinu en aðrir innheimtumenn eru sýslumenn téðra svæða. Hefur innheimtu sýslumanna á Austurlandi og í Vestmannaeyjum verið bætt við töfluna, til viðbótar við þær upplýsingar sem óskað var eftir. Í línu „Sveitarf. vegna erl. búsettra“ er að finna innheimtu frá aðilum sem voru með lögheimili erlendis þegar gistináttaskattur var lagður á.

Tafla 1: Innheimta eftir svæðum og árum. Tölur í millj. kr.

Svæði	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Höfuðborgarsvæði	103,4	122,3	130,9	158,8	210,7	368,1	689,2	640,5	99,5
Önnur sveitarfélög á hbsv.	7,7	7,9	14,3	14,5	19,3	31,3	52,0	65,6	7,0
Suðurnes	6,4	6,7	8,0	11,0	18,5	29,9	60,3	53,1	8,5
Suðurland	32,6	34,4	41,7	53,5	70,7	122,1	236,3	219,4	26,6
Norðurland eystra	21,0	22,4	29,8	33,5	48,6	69,6	142,7	152,6	20,0
Norðurland vestra	3,5	3,9	4,7	6,1	6,9	11,7	20,7	22,2	1,3
Vestfirðir	6,3	6,1	5,9	6,4	9,3	11,5	19,4	21,8	1,4
Vesturland	7,0	8,8	10,2	13,9	19,3	35,9	69,6	69,6	9,3
Austurland	7,4	8,3	9,0	10,7	14,5	21,7	48,3	44,3	2,2
Vestmannaeyjar	1,0	1,0	1,6	1,9	2,2	2,8	5,3	4,9	0,6
Sveitarf. vegna erl. búsettra	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1	0,4	0,1	0,0
Samtals	196,2	221,8	256,1	310,2	420,1	704,8	1.344,3	1.294,2	176,5

3. Hversu miklu var varið úr rikissjóði í uppbyggingu, viðhald og verndun fjölsótttra ferðamanna-
mannastaða ár hvert 2011–2022, sundurliðað eftir staðsetningu ferðamanna-
staðar:

- a. Reykjavíkurborg,
- b. önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu,
- c. Suðurnes,
- d. Suðurland,
- e. Norðurland eystra,
- f. Norðurland vestra,
- g. Vestfirðir,
- h. Vesturland?

Ráðstöfun úr rikissjóði til uppbyggingar, viðhalds og verndunar fjölsótttra ferðamanna-
staða byggist í meginatriðum á tveimur liðum. Annars vegar er um að ræða framlög úr Fram-
kvæmdasjóði ferðamanna- og hins vegar framlög samkvæmt landsáætlun um uppbygg-
ingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Framkvæmdasjóður ferðamanna- og ferðamanna- tók til starfa í ágúst 2011 á grundvelli laga nr.
75/2011 og er markmið og hlutverk sjóðsins að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun
ferðamanna- og ferðamanna- um land allt og styðja með því við þróun ferðaþjónustu
sem mikilvægar og sjálfbærar stoðar í íslensku atvinnulífi.

Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum
er stefnumarkandi tólf ára áætlun og í henni eru sett fram markmið um stýringu og sjálfbæra
þróun, vernd náttúru og menningarsögulegra minja, öryggismál og hönnun og ferðamanna-
leiðir. Áætlunin er sett fram á grundvelli laga nr. 20/2016 og samþykkti Alþingi áætlunina
sem þingsályktun í júní 2018.


Í töflu 2 eru úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamanna-¹ á árunum 2012–2022 sam-
kvæmt upplýsingum frá menningar- og viðskiptaráðuneyti. Í töflu 3 eru úthlutanir eftir lands-
áætlun á árunum 2018–2022 samkvæmt upplýsingum frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðu-
neyti.

¹ Sjá nánar um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamanna-¹ á árunum 2012–2022 sam-
kvæmt upplýsingum frá menningar- og viðskiptaráðuneyti. Í töflu 3 eru úthlutanir eftir lands-
áætlun á árunum 2018–2022 samkvæmt upplýsingum frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðu-
neyti.
<https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/landupplýsingar-kortagogn/uthlutanir-framkvæmdasjods-ferdamannastada>

Tafla 2: Úthlutanir Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Tölur í millj. kr.

Svæði	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Höfuðborgarsvæðið	0,0	10,7	11,9	7,6	13,9	10,0	30,4	40,6	26,8	53,5	7,5
Suðurnes	1,5	22,8	9,0	3,4	40,2	40,5	12,8	13,0	23,6	121,6	33,4
Suðurland	40,4	223,3	356,0	573,6	281,7	180,7	82,3	141,4	147,8	234,6	177,8
Norðurland eystra	1,7	94,8	119,6	154,3	81,0	114,3	209,1	58,8	142,5	165,2	14,7
Norðurland vestra	4,5	10,3	8,5	42,0	12,2	14,8	105,5	32,8	13,0	74,2	93,4
Vestfirðir	1,5	17,6	26,4	64,0	59,3	47,7	76,1	77,9	164,5	50,7	95,4
Vesturland	9,5	156,6	63,3	65,1	82,4	129,4	88,3	76,8	40,7	102,7	36,6
Austurland	7,6	40,3	35,7	94,8	49,8	72,6	217,8	63,6	141,9	165,4	144,4
Hálendið	2,4	0,0	0,0	21,0	6,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Samtals	69,0	576,2	630,4	1.025,6	626,5	609,9	822,3	504,8	700,8	967,8	603,2

Graf 1: Úthlutanir Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til hvers landshluta á árunum 2012–2022 sem hlutfall af heildarúthlutunum árunum.



Tafla 3: Úthlutanir úr landsáætlun. Tölur í millj. kr.

Svæði	2018	2019	2020	2021	2022	Samtals 2018–2022
Suðvesturland	20,0	17,5	22,5	23,9	43,2	127,1
Suðurland	313,4	494,1	405,2	320,4	601,8	2.135,0
Norðurland eystra	99,7	39,7	328,0	163,3	87,3	718,0
Norðurland vestra	3,0	42,7	5,5	4,0	5,7	60,9
Vestfirðir	16,1	24,0	65,1	94,2	47,2	246,5
Vesturland	93,3	103,1	34,5	112,7	89,4	433,0
Austurland	3,0	24,0	81,9	8,3	34,6	151,8
Samtals:	548,5	745,0	942,7	726,9	909,3	3.872,3

Reykjavík hefur ekki fengið úthlutað framlögum samkvæmt landsáætluninni. Á Suðvesturlandi er eitt verkefni á ábyrgð Hafnarfjarðarkaupstaðar, þ.e. Krýsuvíkurbjarg, og nam úthlutun 3 millj. kr. á árinu 2018 og 11 millj. kr. á árinu 2020. Tvö verkefni eru á ábyrgð Grindavíkurbæjar og þau eru Eldvörp og Gunnuhver. Hið fyrra fékk úthlutað 2 millj. kr. hvort ár 2018 og 2019 og 14,6 millj. kr. árið 2021. Hið síðara fékk úthlutað 15 millj. kr. árið 2018.

Graf 2: Úthlutanir samkvæmt landsáætlun til hvers landshluta á árunum 2018–2022 sem hlutfall af heildarúthlutunum árunna.

